

38. gr.

Þegar hanna skal virkjanir, verksmiðjur, hraðbrautir, stórbrýr eða önnur meiri-háttar mannvirki, svo og vegi og loftlínur tengd þeim mannvirkjum, skal jafnan hafa samráð við Náttúruverndarráð. Gera skal Náttúruverndarráði kunnugt um fyrirhugaða framkvæmd á frumstigi og áður en lagt er í kostnaðarsamar undirbúningsrannsóknir eða aðrar ráðstafanir gerðar, sem áhrif hafa á endanlegar ákvarðanir.

39. gr.

Framkvæmaaðilar verks bera ábyrgð á því, að leitað sé álits Náttúruverndarráðs samkvæmt 37. og 38. gr.

40. gr.

Hefjist einhver handa um framkvæmdir, sbr. 37. og 38. gr., án þess að umsagnar hafi verið leitað, getur Náttúruverndarráð eða náttúruverndarnefnd krafizt þess, að lögreglustjóri stöðvi framkvæmdir að viðlögðum dagsektum þar til umsögn hefur verið gefin, enda verði ekki óeðlilegur dráttur á afgreiðslu málsins af hálfu Náttúruverndarráðs. Náttúruverndarráð tilkynnir þeim, er að framkvæmd standa, í símskeyti eða með ábyrgðarbréfi, að stöðvunar hafi verið krafizt.

Um viðurlög.**41. gr.**

Brot á reglugerð þessari varða sektum í ríkissjóð eða varðhaldi.

Ef aðili sinnir ekki, innan tiltekins frests, fyrimælum sveitarstjórnar, náttúruverndarnefndar eða Náttúruverndarráðs, getur lögreglustjóri ákveðið honum dagsektir, allt að 2000 krónum, þar til úr er bætt, er renni í ríkissjóð.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 47/1971, um náttúruvernd, öðlast þegar gildi.

Í menntamálaráðuneytinu, 21. júní 1973.

Magnús T. Ólafsson.

Birgir Thorlacius.

AUGLÝSING

um viðauka og breytingar nr. 4 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Frá og með 1. júlí 1973 taka gildi viðauki og breytingar nr. 4 við Sérlyfjaskrá, Lyfjaverðskrá II, Lyfjagreiðsluskrá Tryggingastofnunar ríkisins frá 1. júlí 1972.

Í útsöluverði lyfja eins og það er greint í viðauka þessum og breytingum er ekki innifalin 7.3% hækkun samkvæmt breytingu er tók gildi 15. febrúar 1973.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1973.

F. h. r.

Páll Sigurðsson.

Almar Grimsson.